

Sp.

519. Frumvarp til laga

um Matsveinaskóla Íslands.

(Eftir eina umr. í Ed.)

1. gr.

Stofna skal og starfrækja skóla í Reykjavík, er veiti hagnýta kennslu þeim, er gerast vilja matsveinar á fiski- og flutningaskipum.

2. gr.

Nafn skólans er: Matsveinaskóli Íslands. Skal hann hafa aðsetur í sjómanna-skólanum og heyra undir sama ráðuneyti og sjómannafræðslan.

3. gr.

Inntökuskilyrði eru:

1. að nemandi sé 16 ára eða eldri;
2. að hann sé ekki haldinn af neinum næmum sjúkdómi eða kvilla, sem geti orðið öðrum nemendum skaðvænn eða hættulegur;
3. að hann hafi óflekkað mannorð;
4. að hann hafi lokið miðskólaprófi samkvæmt lögum nr. 22 10. apríl 1946, um skólakerfi og fræðsluskyldu.

4. gr.

Kennsla skal vera bæði bókleg og verkleg. Námsgreinar skulu ákveðnar í reglugerð.

5. gr.

Kennslunni skal hagað þannig, að eftir eins vetrar nám hafi nemendur náð nægilegri leikni og þekkingu til að verða matsveinar á fiskiskipum og flutningaskipum, enda verði þeim, sem þetta nám stunda, ekki kenndar bóklegar námsgreinar, nema að því leyti sem nauðsynlegt er í sambandi við verklega námið.

Heimilt er og að halda við skólann námskeið, mismunandi löng, eftir þörfum fyrir annað starfsfólk skipa, veitingahúsa og gistihúsa, og má þá setja um þau nánari ákvæði í reglugerð.

Við alla kennslu skal leggja sérstaka áherzlu á reglusemi, þrifalega og háttprúða umgengni og snyrtimennsku.

6. gr.

Heimilt er að halda uppi við skólann, eftir því sem við verður komið og fé er veitt til þess í fjárlögum, bóklegri og verklegri kennslu fyrir þá, sem nema vilja að fullu matsveina- og framreiðslumannaíðn samkvæmt gildandi lögum um iðnfræðslu.

7. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að láta starfrækja mötuneyti og matsölu í sambandi við skólann.

8. gr.

Ráðherra skipar skólastjóra og aðra kennara. Skal skólastjóri jafnframt vera bryti skólans. Ráðherra skipar einnig þriggja manna stjórn yfir mötuneyti og matsölu skólans, skólastjóra til aðstoðar. Skulu þeir skipaðir til 4 ára í senn. Skal einn þeirra hafa verzlunarþekkingu.

9. gr.

Með reglugerð skulu sett nánari ákvæði um starfsemi skólans, kennslutíma, námsefni og kennaralið, svo og um mötuneyti og matsölu skólans.

10. gr.

Fyrstu fimm árin eftir að skólinn tekur til starfa, er ráðherra heimilt að veita undanþágu frá því inntökuskilyrði, er felst í 4. lið 3. gr. þessara laga

11. gr.

Allur kostnaður við skólahald, mötuneyti og matsölu greiðist úr ríkissjóði.

12. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.